

## Heilbrigðisfulltrúi - Vestfirðir

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða auglýsir lausa til umsóknar stöðu heilbrigðisfulltrúa með starfssvæði á Vestfjörðum. Skrifstofa er í Bolungarvík. Heilbrigðisfulltrúar starfa í umboði heilbrigðisnefnda og hafa umsjón með starfsleyfum fyrirtækja og eftirlit með hollustuháttum, matvælum, umhverfisgæðum og mengandi starfsemi í samræmi við eftirlitsáætlun hverju sinni.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Umhverfiseftirlit með lóðum og lendum
- Eftirlit með fyrirtækjum og stofnunum
- Útgáfa starfsleyfa, skráning og skýrslugerð
- Fagleg ráðgjöf og umsagnir
- Móttaka ábendinga og kvartana
- Gerð gátlista og verklagsreglna
- Fræðsla og upplýsingamiðlun til fyrirtækja, stofnana og almennings

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Krafa er um háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda, matvæla, raunvísinda, verkfræði, eða sambærilega menntun sem nýtist í starfi.
- Viðkomandi þarf að hafa eða afla sér réttinda til að starfa sem heilbrigðisfulltrúi skv. reglugerð 571/2002 um menntun og skyldur heilbrigðisfulltrúa.
- Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslensku, bæði rituðu og töluðu máli og eiga auðvelt með samskipti við fólk.
- Bílpróf er skilyrði.

Laun taka mið af kjarasamningi ríkis og sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til 1. febrúar. Ráðið er í starfið frá 1. mars 2024. Ef viðkomandi getur byrjað fyrir er það kostur.

Nánari upplýsingar veitir Anton Helgason, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða í síma 456-7087, netfang: [eftirlit@hevf.is](mailto:eftirlit@hevf.is).